

Nd.

49. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Reykhóla.

Flm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

Nú kemur það fram, við rannsókn, sem ríkisstjórnin lætur fara fram á landgæðum Reykhóla í Reykhólahreppi, að það sé sérstaklega hagkvæmt fyrir almannastofnun, eða að landgæði séu slík, að jörðin sé einkar vel fallin til þess að vera almennings eign, og er ríkisstjórninni þá heimilt að leita samninga við erfingja Þóreyjar Pálsdóttur um eignarrétt að jörðinni, eða ef samningar takast eigi, taka jörðina eignarnámi samkv. lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um eignarnám.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

G r e i n a r g e r ð .

Jörðin Reykhólar í Reykhólahreppi, sem hefir verið eitt af merkustu höfuðbólum hér á landi, er komin í niðurniðslu, einkum hvað húsakost snertir. Jörðin er nú eign afarmargra — ef til vill um 100 — erfingja Þóreyjar Pálsdóttur. Á jörðinni er, auk óvenjulegra hlunninda, mikill jarðhiti, og er því eigi ólíklegt, að t. d. kartöflurækt og jafnvel aðra ræktun jarðaravaxta mætti stunda þar í ríku mæli. Einn hv. þm. hefir borið fram frv. um eignarnám á jörðinni. Eignarnám er eigi almennt í samræmi við stefnu samvinnumanna og auk þess alltaf undir hælinn lagt, hvort betra verð fæst á þann hátt heldur en með samningum. Auk þess verður því ekki neitað, að það er óvenjuleg harðýðgi að taka eignir manna eignarnámi, án þess sérstaklega hafi verið sýnt fram á, að nauðsyn beri til vegna almenningshags.

Enginn vafi er á því, að jörð sú, sem hér um ræðir, er mikilsverð að landgæðum, en sjálfsagt virðist, að ríkisstjórnin láti rannsaka það áður en hún tekur ákvörðun um málið.

Nánar í framsögu.